

Skapandi sumarstörf 2025

16 ungmenni störfuðu við skapandi verkefni og starfinu lauk með lokahátíð sem fór fram fimmtudaginn 31. júlí á Garðatorgi.

Fjölbreytt dagskrá fór fram og afrakstur 7 vikna starfs 15 ungmenna sýnd. Í Sveinatungu fór fram leiklestur á leikriti sem þær *Guðrún Ágústa Gunnarsdóttir, Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir og Katrín Ýr Erlingsdóttir* hafa skrifað í sumar en leikritið verður sýnt í Betrunarhúsinu, Garðatorgi í byrjun september. Á milli leiklestra lék *Matthías Helgi Sigurðarson* eigin tónsmíðar á gítar. Þríeikið *Nói Gautason, Þóra Xue Reynisdóttir og Bjarni Hrafnkelsson* hönnuðu og forrituðu tölvuleik sem gestir gátu prufað á lokahátíðinni og þær *Anna Guðrún Tómasdóttir og Diljá Sveinsdóttir* frumsýndi dansvídeóverkið *Bloody Cycle* sem þær hafa unnið að í sumar ásamt tökumanni. Systurnar *Íris Eva og Karen Ósk Ellenard Magnúsdætur* tóku rampinn á Garðatorgi 7 yfir með myndlistarsýningu en þær vinna með ljósmyndun og textíl. *Lúðvík Lárusson* sýndi ljósmyndir en hann setti upp tímarit með ljósmyndum eftir fólk í Garðabæ sem sendi inn ljósmyndir en tilgangurinn var að draga fram áhugaljósmyndara í bænum. Um kvöldið lék svo *Ásgerður Sara Hálfðanardóttir* píanóleikari fjölbreytta og metnaðarfulla dagskrá í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Um utanum hald og verkefnastjórnun sáu *Einar Örn Magnússon og Bryndís Ásta Magnúsdóttir*. Sextándi starfsmaðurinn hélt svo viðburð í Hönnunarsafni Íslands í ágúst en það var *Katla Einarsdóttir* sem er grafískur hönnuður. Það er ljóst að margir frambærilegir ungir listamenn búa í Garðabæ og verður gaman að fylgjast með framhaldinu.